

140. löggjafarþing 2011–2012.  
Þingskjal 531 — 378. mál.  
2. umræða.

## Nefndarálit

um frumvarp til laga um breytingu á lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008,  
með síðari breytingum (hækkun skrásetningargjalda).

Frá allsherjar- og menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Agnesi Guðjónsdóttur, Einar Hreins-son og Jennýju Jensdóttur frá mennta- og menningarmálaráðuneyti, Jón Atla Benediktsson og Guðmund R. Jónsson frá Háskóla Íslands, Guðrúnu Ragnarsdóttur frá Lánasjóði íslenskra námsmanna og Heimi Hannesson frá Stúdentaráði Háskóla Íslands.

Með frumvarpinu er lögð til breyting á lögum um opinbera háskóla, þ.e. Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri, í þá veru að skrásetningargjöld sem nú nema 45.000 kr. hækki í 60.000 kr. Gjaldið hefur ekki verið hækkað frá árinu 2005 en það var áður 32.000 kr.

Nefndin bendir á að í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að þessi hækkun skráningargjalda nemi 33% og heldur því ekki í við hækkun vísitölu neysluverðs frá september 2005 til september 2010, sem nam tæpum 47%. Ljóst er að kostnaður umræddra háskóla vegna þjónustu í tengslum við nemendaskrá hefur vaxið með auknum nemendafjölda og mun þessi hækkun auka tekjur Háskóla Íslands um 225 millj. kr. og Háskólans á Akureyri um 22,5 millj. kr.

Nefndin bendir á að nemendur við Háskóla Íslands hafa í tilefni af frumvarpinu lagt áherslu á að námsmönnum í lánshæfu námi gefist kostur á námsláni fyrir þeirri fjárhæð sem nemur hækkun gjaldanna.

Birgitta Jónsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**.

Alþingi, 13. des. 2011.

Björgvin G. Sigurðsson,  
form.

Skúli Helgason,  
frsm.

Þráinn Bertelsson.

Oddný G. Harðardóttir. Þorgerður K. Gunnarsdóttir. Ragnheiður Ríkharðsdóttir.

Siv Friðleifsdóttir.

Lilja Rafney Magnúsdóttir.